

## **Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins 29. apríl 2003**

### **Ræða Ingimundar Sigurpálssonar, formanns SA**

Forsætisráðherra, góðir fundarmenn.

Samtök atvinnulífsins hafa nú starfað vel á fjórða ár og hefur á þeim tíma verið unnið mikið mótunar- og skipulagsstarf. Finnur Geirsson hefur gegnt starfi stjórnarformanns frá upphafi, en lætur nú af því starfi að eigin ósk. Það er ekki ofmælt að segja, að undir hans forystu hafi samtökin staðið undir væntingum á þessu mótunarskeiði, bæði hvað varðar skipulag og starfshætti. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka Finni Geirssyni fyrir gott og traust starf í þágu íslensks atvinnulífs.

Samtök atvinnulífsins voru stofnuð í þeim tilgangi að halda uppi sjónarmiðum atvinnurekenda og veita fyrirtækjum á Íslandi margvíslega þjónustu. Það er tvímælalaust mikilvægt, að sem allra flest fyrirtæki landsins séu innan vébanda samtakanna, því á þann hátt endurspeglar þau best vilja og viðhorf atvinnulífsins alls. Frá sjónarhóli stjórnenda og eigenda fyrirtækja er ekki síður áriðandi, að Samtök atvinnulífsins séu öflug og einhuga samtök, því verkefni þeirra, sem einkum lúta að kjarasamningum og ákvörðunum stjórnvalda, hafa bein áhrif á afkomu fyrirtækja, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi.

Á undanförunum árum hefur íslenskt atvinnulíf vaxið að umfangi og styrk sem aldrei fyrr. Hagvöxtur hefur verið meiri en dæmi eru um í seinni tíð og sé litið til síðustu sjö ára hefur landsframleiðslan aukist um 30 af hundraði. Þessi aukning er mun meiri en verið hefur að jafnaði í okkar helstu viðskiptalöndum, þar sem landsframleiðslan jókst um 20% í OECD-ríkjum í heild og um 17% í ESB-ríkjum á sama tímabili. Þessi einstaki árangur á sér margar skýringar, en víst er um það, að þar koma ekki síst til þýðingarmiklar umbætur á starfsskilyrðum atvinnulífsins, öflugt þróunarstarf einstakra fyrirtækja, aukið frjálsræði á fjármála- og gjaldeyrismarkaði og aukin samkeppni, er leyst hafa úr læðingi þá krafta, sem drifið hafa vöxtinn áfram. Breytingar á skattkerfinu hafa fært íslenskum fyrirtækjum samkeppnishæft skattaumhverfi, en umbætur á því sviði hafa verið eitt af megin stefnumiðum Samtaka atvinnulífsins. Þá hafa náðst stórir áfangar í einkavæðingu ríkisfyrirtækja, þótt enn sé þar verk að vinna, og loks hefur að mestu tekist að koma á stöðugleika í verðlagi. Það er svo mest um vert, að efling atvinnulífsins hefur síðan fært landsmönnum meiri kaupmáttaraukningu en dæmi eru um á síðari tímum. Það hefur tekist þrátt fyrir að íslenskt atvinnulíf hafi borið mun hærri vexti en viðgangast í samkeppnislöndum okkar og þrátt fyrir að íslenskt atvinnulíf búi við gengissveiflur, sem valdið hafa óstöðugleika í rekstri.

Góður árangur í efnahagsstarfsemi þjóðar er fjarri því að vera sjálfgefinn. Í því efni nægir að horfa til meginlands Evrópu, þar sem hagvöxtur hefur verið dræmur í þrjú ár. Einnig er hægt að líta til Japans, þar sem stöðnun hefur ríkt í efnahagslífi í rúman áratug. Okkur er einnig hollt að líta í eigin barm og horfa áratug aftur í tímann, því árið 1993 var sjötta ár samfelldra stöðnunar- og samdráttarára, og var verðmætasköpunin þá 1,5% minni en sex árum áður. Það er því mikilvægt, að menn missi ekki sjónar á því, sem mikilvægast er fyrir líf skjör og afkomu fólksins í landinu, en það er að búa atvinnulífinu hagstæð og samkeppnishæf rekstrarskilyrði, vinna að

stöðugleika í efnahagslífi og forðast umbyltingu í rekstrarumhverfi einstakra atvinnugreina. Hagsmunir fólks og fyrirtækja af því að byggja upp arðsamt atvinnulíf fara fullkomlega saman og er því allsendis rangt að stilla þeim upp sem andstæðum, eins og stundum er gert.

### **Langur samningstími skilar miklum árangri**

Kjarasamningar þeir, sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði vorið 2000, gilda á fjölmennustu samningssviðum til ársbyrjunar 2004. Samningstíminn, sem er tæp fjögur ár, var almennt háður þeim fyrirvara, að verðbólga næðist niður á samningstímanum og yrði svipuð og meðal viðskiptaþjóða okkar. Þessi forsenda samninganna stóðst og náðist þar með lengsta samningstímabil í samskiptasögu aðila vinnumarkaðarins. Um tíma stefndi þó verðlagsþróun samningunum í hættu, en með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda tókst að koma í veg fyrir uppsögn samninga.

Niðurstaðan nú er ekki síst mikilvæg í því ljósi, að vinnuveitendur tóku töluverða áhættu með gerð þessara samninga. Áhættan fólst í því, að kostnaður samninganna féll að stærri hluta á fyrri hluta samningstímans, en ávinningurinn fólst í hinum langa samningstíma og byggði þar af leiðandi á því, að forsendur kjarasamninga stæðust. Ef þær hefðu ekki staðist og samningum verið sagt upp á miðjum samningstíma, hefðu fyrirtæki staðið uppi með mikinn kostnað, en ávinninginn í uppnámi.

Óumdeilt á að vera, að íslenskt launafólk hefur eins og til var ætlast notið ríkulega þess ávinnings, sem samningsgerð þessi hefur leitt af sér, og hafa kjör þeirra, sem minnst bera úr bótum á vinnumarkaðnum, batnað hlutfallslega mest. Þannig hefur kaupmáttur almennt aukist um 35% frá því í janúar 1995 samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar og kaupmáttur lægstu samningsbundinna mánaðarlauna um 64% á sama tíma.

Aukning kaupmáttar er vissulega fagnaðarefni. Að öllum líkindum hefur hún á hinn bóginn gengið lengra en æskilegt verður að telja, því hlutur launa og launatengdra gjalda í verðmætasköpuninni er nú orðinn hærri en ætla má að fáist staðið til lengdar. Skipting verðmæta þjóðarþúsins milli launa og fjármagns er nú þannig, að hlutur launagreiðslna er kominn upp í 70%, en síðastliðin 10 ár hefur hlutur launa verið um 65% hér á landi og um 60% í þeim löndum, sem við berum okkur jafnan saman við. Boginn hefur því verið spenntur til hins ítrasta. Ljóst er, að bætt lífskjör á næstu árum verða ekki sótt með því að auka enn hlut launagreiðslna í verðmætasköpuninni – auk annars verður þar að koma til aukin verðmætasköpun.

### **Mikill hagvöxtur og nauðsyn mótvægisáðgerða**

Óhætt er að fullyrða, að veruleg aukning útflutningstekna á næstu árum er forsenda þess, að ná megi auknum hagvexti, sem byggði á traustum grunni og leitt gæti til áframhaldandi bata á lífskjörum landsmanna. Ekkert er í hendi í þeim efnum, sem komið getur í stað nýtingar á orkulindum þjóðarinnar til uppbyggingar stóriðju, þótt allri bjartsýni sé til skila haldið varðandi aðrar atvinnugreinar. Í ljósi þess má telja einboðið að ráðast í þær stóriðjuframkvæmdir, sem nú hafa verið ákveðnar að skilyrðum um arðsemi og ásættanlegt umhverfisrask uppfylltum.

Jafnhliða því sem fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir munu leggja grunn að auknum hagvexti og þar með bættum lífskjörum á næstu árum, þá má að öðru óbreyttu búast við umtalsverðum þensluáhrifum af þeirra völdum. Mikilvægt er að koma í veg fyrir slík áhrif, þannig að launaskrið og verðbólga fari ekki úr böndum. Í því efni kemur sér vel, að Ísland er hluti af samevrópskum vinnumarkaði, sem telur hundruð milljóna starfsmanna. Sameiginlegur vinnumarkaður EES mun stækka verulega um mitt næsta ár, þegar 10 ný aðildarríki bætast við þau 18, sem fyrir eru á efnahagssvæðinu. Aðild Íslands að þessum vinnumarkaði, aðkoma erlendra verktaka og hátt tæknistig framkvæmdanna mun að öllum líkindum draga úr þenslumyndun og verðbólguhættu, og kann að vera, að áhrif þessara þátta séu vanmetin í umræðunni.

Greiningar innlendra jafnt sem erlendra fjármálafyrirtækja og efnahagsstofnana á líklegri hagstjórn á komandi árum gera flestar ráð fyrir því, að þenslunni verði að verulegu leyti mætt með aðgerðum á sviði peningamála, þ.e. með hækkun vaxta og þar með hækkun á gengi krónunnar. Til frekari stuðnings við peningastefnuna leggja þessir aðilar til, að fjármálastefna ríkisins styðji við aðhaldsstefnu Seðlabankans til að draga úr þörf á vaxtahækkunum.

Þessi nálgun felur í sér of litla áherslu á möguleika opinberra aðila til að halda aftur af heildareftirspurn með því að takmarka opinber útgjöld. Stjórnvöld verða að vinna að því, að þensluáhrif stóriðjuframkvæmda, sem leiða munu að öðru óbreyttu til vaxandi verðbólgu, hækkunar vaxta og gengis, verði sem allra minnst. Áhrif langvarandi hágengis á til að mynda sjávarútveg verða óhjákvæmilega þau, að fiskvinnsla flyst enn frekar út á sjó og útflutningur á óunnu sjávarfangi til vinnslu erlendis eykst. Allir sjá í hendi sér þau keðjuverkandi samdráttaráhrif, sem slík framvinda hefði á byggðir, sem byggja tilveru sína að verulegu leyti á fiskvinnslu í landi. Verkefnið í opinberri fjármálastjórn næstu misseri hlýtur því að felast í því að koma í veg fyrir hækkun vaxta og gengis krónunnar.

Það tekur ekki langan tíma að gera að engu uppbyggingarstarf margra ára og áratuga. Tvímælalaust er mun auðveldara fyrir opinbera aðila að auka umsvif sín á ný að framkvæmdatíma loknum en að byggja aftur upp atvinnulíf, sem þurft hefur að hopa vegna þenslu í þjóðfélaginu og versnandi samkeppnisstöðu útflutningsgreina. Rök standa því til þess, að það eigi að vera forgangsmatið í hagstjórn á yfiringstíma virkjana- og stóriðjuframkvæmda að draga úr útgjöldum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, og að vaxtahækkunir Seðlabankans eigi að koma þar á eftir.

Í þessu sambandi beinist athyglin ekki eingöngu að fjárfestingu, heldur einnig að rekstri. Sú mikla hækkun rekstrarútgjalda hins opinbera, sem verið hefur á undanförunum árum og OECD gerir að sérstöku umfjöllunarefni í nýlegri skýrslu sinni, á fyrst og fremst rætur í mikilli aukningu kaupmáttar launa opinberra starfsmanna umfram aðra launamenn. Það er ekkert einfalt svar við því hvar hið opinbera eigi að bera niður, en óhjákvæmilegt verður að hægja verulega á útgjaldaaukningunni.

### **Á brattann að sækja**

Það er kunnara en frá þurfi að segja í þessum hópi, að afkoma fyrirtækja og lífskjör á Íslandi eru mjög undir því komin, hver starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja eru í samanburði við starfsskilyrði fyrirtækja í helstu samkeppnislöndum. Starfsskilyrði íslensks atvinnulífs eru um margt góð, en þó eru ákveðnir grundvallarþættir íslenskum

fyrirtækjum í óhag. Fjarlægð frá mörkuðum og lítill heimamarkaður valda því, að starfsskilyrði hér á landi þurfa að minnsta kosti að vera jafngóð ef ekki betri en í samkeppnislöndum okkar til þess að íslensk fyrirtæki geti staðið sig í samkeppninni.

Íslensk fyrirtæki búa almennt við mun hærri fjármagnskostnað en erlendir keppinautar. Okkar smái og sjálfstæði gjaldmiðill felur það í sér, að vextir verða óhjákvæmilega hærri í lánasamningum, sem bundnir eru í íslenskum krónum fremur en í öflugri gjaldmiðlum. Þess vegna er brýnt að setja það markmið, að vaxtastigið verði ekki mikið herra hér á landi en í helstu samkeppnislöndum, en því verður aðeins náð með traustri stjórn efnahagsmála.

Gengi krónunnar er um þessar mundir 9% herra en það var að meðaltali á síðasta ári. Það hefur farið hækkandi undanfarna mánuði, þar sem væntingar eru uppi um mikið gjaldeyrisinnstreymi í tengslum við stóriðjuframkvæmdir og háa vexti á komandi árum vegna líklegra aðgerða Seðlabankans til þess að halda í við verðbólgu. Nú síðast hefur gengi krónunnar hækkað enn vegna væntinga um aukinn afla á komandi árum, þar sem útlit er fyrir að helstu nytjastofnar séu að styrkjast. Við þetta bætist aukin eftirspurn erlendra aðila eftir íslenskum skuldabréfum og jafnvel íslenskum krónum. Þessar aðstæður á gjaldeyrismarkaði, raunverulegir fjárstraumar og væntingar um framtíðarþróun vaxta og gengis, benda til þess að gengi krónunnar verði áfram sterkt og kunni jafnvel að styrkjast enn frá því sem nú er. Í þá veru standa í öllu falli spár þeirra aðila á fjármálamarkaði, sem tjáð hafa sig um gengisþróun hér á landi á næstunni.

Um árábil hafa launahækkningar verið meiri hér á landi en í þeim ríkjum, sem framleiðsluvörur okkar keppa helst við. Sú umframhækkun verðlags og launa, sem ríkti hér á síðari hluta síðasta áratugar, leiðréttist með hinu mikla falli íslensku krónunnar árið 2001. Sú gengislækkun gekk raunar of langt og var eðlilegt að hún gengi að nokkru til baka. Það hefur vissulega gerst, en nú um of í gagnstæða átt, þannig að gengið er nú orðið of hátt. Raungengi krónunnar er nú herra en samrýmist jafnvægi í utanríkisviðskiptum og er herra en flest fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni geta borið til lengdar.

Í okkar helstu samkeppnislöndum eru árlegar launabreytingar á bilinu 2,5-3,5%. Þau lönd, sem helst nálgast okkur í launabreytingum, eru Frakkland með 4% árlegar launabreytingar og Noregur með 5%. Markmið okkar hlýtur að vera, að launabreytingar verði ekki meiri en að jafnaði hjá okkar keppinautum. Annars hlýst af meiri verðbólga og hærri vextir en í viðskiptalöndum. Þannig eru það sameiginlegir hagsmunir fyrirtækja og launamanna, að launabreytingar hérlandis séu á svipuðu stigi og hjá erlendum samkeppnisþjóðum.

### **Þingkosningar framundan**

Kosningar eru í nánd og eðli máls samkvæmt snúast þær mjög um leiðir til þess að bæta hag og lífskjör landsmanna. Umræða í aðdraganda kosninga hefur snúist nokkuð um skattamál einstaklinga. Samtök atvinnulífsins hafa ekki blandað sér með beinum hætti í þá umræðu, en á þessum fundi er lögð fram skýrsla um leiðir til lífskjarabóta með ýmsum kerfisumbótum. Í skýrslunni er ekki fjallað um skattamál sérstaklega, en það skiptir þó atvinnulífið máli, hvernig launamenn eru skattlagðir, því vinnumarkaðurinn verður sífellt alþjóðlegri og er skattlagning einstaklinga einn af

þeim samkeppnisþáttum, sem miklu skipta í sókn fyrirtækja eftir hæfu starfsfólki. Fyrir atvinnulífið er mikilvægt, að skattkerfið sé einfalt og skilvirkt og beri sem minnstan hvata til undanskota. Í framkvæmd væri skilvirkast að hafa eitt skattþrep og engar undanþágur, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina skatta. Hlutverk skattkerfisins er fyrst og fremst að afla tekna til sameiginlegra þarfa og það dregur úr skilvirkni þess, ef því er ætlað að ná ýmsum öðrum samfélagslegum markmiðum. Í þeim efnum væri æskilegt að finna önnur og betri úrræði.

Sá möguleiki hefur verið ræddur að fjölga skattþrepum í tekjuskattkerfi einstaklinga. Óhjákvæmilegt er að benda á, að því fylgdi að líkindum hækkun jaðarskatta, sem orsaka mun launaþrýsting á fyrirtæki og launaskrið með tilheyrandi áhrifum á afkomu fyrirtækja. Skattkerfið og launakerfið eru gagnvirk og verður hvort fyrir áhrifum af hinu. Þannig gæti hærra skattþrep valdið meiri launamun fyrir skatt en áður í stað þess að stuðla að launajöfnun.

Á síðustu árum hefur almennur skilningur aukist á mikilvægi þess, að atvinnulífið búi við stöðugleika í starfsumhverfi. Kostnaður fyrirtækja af róttækum breytingum getur riðið þeim að fullu. Ekkert atvinnulíf á að þurfa að una óvissu um mikilvæga þætti í starfsskilyrðum sínum, svo ekki sé talað um stórfelldar breytingar í skipulagi heilla atvinnugreina, eins og sjávarútvegurinn þarf nú því miður enn og aftur að búa við. Mikilvægt er, að breytingar á starfsumhverfi fyrirtækja séu undirbúnar í samráði við fulltrúa atvinnulífsins og verði gerðar í sátt við atvinnulífið.

### **Næstu kjarasamningar**

Næsta haust hefst vinna við gerð kjarasamninga eftir lengsta gildistíma í sögu kjarasamninga og mikinn ávinning launamanna í formi aukins kaupmáttar og aukinna framlaga til lífeyrissparnaðar. Staðan, sem við stöndum frammi fyrir nú, er um margt flóknari og vandmeðfarnari en áður, ekki síst vegna hinna umfangsmiklu framkvæmda, sem framundan eru.

Á samningstímabilinu, sem hófst árið 1997, var horfið frá þeirri stefnu, sem ríkt hafði um langt árabil, að allir helstu kjarasamningar hefðu sama gildistíma. Frumkvæði að þessari breytingu kom frá verkalýðshreyfingunni og endurspeglaði óánægju margra með stóru samflotin, sem tíðkast höfðu við gerð kjarasamninga um áratugaskeið, og þann þrönga stakk, sem sérstökum áherslum einstakra verkalýðsfélaga er óhjákvæmilega sniðinn við slíkar aðstæður. Þótt það hafi sína kosti að dreifa samningsgerð yfir tíma, þá hefur það einnig í för með sér ókosti. Helstu ókostir eru þeir, að erfitt verður að fylgja samræmdri kjarastefnu í samningum, þegar hvert stéttarfélag á fætur öðru leitast við að knýja fram meiri hækkanir en það sem á undan fór.

Ljóst er að breytilegar aðstæður á hverjum tíma kalla á mismunandi lausnir í kjaramálum. Heildarsamflot kjarasamninga er vandséð í komandi samningalotu, þar sem samningar renna út á mjög mismunandi tímum. Fyrst renna sitt skeið samningar Flóabandalagsins og Starfsgreinasambandsins um næstkomandi áramót, en síðan renna út koll af kalli samningar annarra landssambanda ASÍ með um mánaðar millibili. Samningar Samiðnar gilda út janúarmánuð og samningar verslunarmanna og rafiðnaðarmanna gilda til febrúarloka 2004. Ýmsir smærri samningar á samningssviði SA eru þó með mun lengri gildistíma og gilda þeir fram eftir hausti

2004. Má þar nefna ýmsa samninga, sem gilda í einstökum fyrirtækjum, svo sem í stóriðju, svo og samninga í ferðaþjónustu, hjá dagblöðum og í fjármálafyrirtækjum. Samningar með gildistíma fram á haustið 2004 eiga það sammerkt, að þar hækka laun þann 1. janúar næstkomandi um 3%. Við þessa upptalningu má bæta, að kjarasamningar fjármálaráðuneytis og sveitarfélaga við sína starfsmenn gilda út næsta ár eða lengur og fela í sér 3% launahækkun um næstu áramót.

Stór hluti vinnumarkaðarins er þannig með bundna kjarasamninga fram á næsta og jafnvel þarnæsta ár og hækka laun samkvæmt þeim um 3% um næstu áramót, sem er afar mikil hækkun í ljósi gengishækkunar undanfarin misseri. Gengi krónunnar er nú mjög hátt, hlutur launa í innlendri verðmætasköpun er í sögulegu hámarki og hlutur fjármagns þar af leiðandi í lágmarki. Sú staða fær ekki staðist til lengdar, því að hún kemur niður á fjárfestingu og uppbyggingu og dregur þannig úr vexti og viðgangi atvinnulífsins. Sú staðreynd, að gildistími kjarasamninga er mjög mismunandi felur í sér, að erfiðara verður að nýta opinberar aðgerðir til þess að liðka til fyrir samningum. Reynslan fram til þessa sýnir, að áhrif slíkra aðgerða minnka hratt eftir að fyrstu samningar eru gerðir.

### **Verkefni framundan**

Við núverandi aðstæður er afar þýðingarmikið, að heildarsamtök á almennum vinnumarkaði nái að vinna saman að brýnum hagsmunamálum fyrirtækja og launamanna. Æskilegt er, að verkalýðshreyfingin og Samtök atvinnulífsins nái sameiginlegri sýn á stöðu efnahagsmála og breytingar á launakostnaði næstu misseri. Í því skyni þarf forysta verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins að ræða fyrir en seinna þær meginlínur, sem koma til með að móta kjarasamninga á næsta samningstímabili, þar með talið samningstíma og kostnaðarbreytingar. Það verður að vera forgangsverkefni forystumanna aðila vinnumarkaðarins að afstýra því, að fyrirsjáanleg þensla vegna mikilla framkvæmda á næstu árum verði til þess að valda ólgu á vinnumarkaði og vinnudeilum.

Verkalýðshreyfingin hefur nýlega hreyft hugmyndum um breytingar á tryggingum launamanna vegna veikinda og slysa. Þær hugmyndir lúta að því að færa fyrirkomulag þeirra trygginga nær því sem gerist á Norðurlöndum. Eins og nú háttar til bera fyrirtæki hér á landi meginþungann af kostnaði vegna veikinda og slysa starfsmanna með beinum launagreiðslum í forföllum og greiða auk þess 1% í sjúkrasjóði verkalýðsfélaga. Þriðji þátturinn í tryggingaverndinni er greiðsla sjúkradagpeninga, sem Tryggingastofnun ríkisins sinnir. Núgildandi tryggingakerfi felur í sér oftryggingu í skammtímafjarvistum og vantryggingu í langtímaveikindum. Það er ranglátt gagnvart atvinnurekstrinum, þar sem vissar atvinnugreinar bera meiri kostnað af veikindum en aðrar og samkeppnisstöðu atvinnugreina er þar með raskað og það er einnig ranglátt gagnvart launamönnum, þar sem réttur þeirra er mjög misjafn eftir starfstíma og sjúkrasjóðir veita mjög mismunandi rétt. Því ber að fagna frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar í þessu máli og væri æskilegt, að heildarsamtökin hrindi af stað vinnu með það að markmiði að leggja fram sameiginlegar tillögur um umbætur á þessu sviði. Ljóst er, að þar þurfa stjórnvöld einnig að vera með í ráðum.

Annar málaflokkur, sem heildarsamtök á almennum vinnumarkaði þurfa að fjalla um, eru lífeyrismálin, en þau tengjast einnig umræðunni um sjúkratryggingar, þar sem

greiðslur örorkubóta hvíla þungt á lífeyrissjóðunum í heild, en koma mjög mismunandi niður eftir sjóðum. Þá þarf að móta stefnu um það, hvort og þá með hvaða hætti hverfa eigi frá jafnri réttindamyndun eftir aldri í lífeyrissjóðum og að í þeirra stað verði tekin upp aldurstengd réttindamyndun. Hér er um að ræða margþætt mál, sem skoða verður gaumgæfilega og vanda þarf vel til alls undibúnings.

Af öðrum málum, sem Samtök atvinnulífsins leggja þunga áherslu á, má nefna fræðslu- og menntamál, en þar eigum við marga samstarfsfleti með verkalýðshreyfingunni. Á þeim vettvangi hafa orðið mikil tíðindi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í ljósi þess, að 42% fólks á íslenskum vinnumarkaði hefur mjög takmarkaða menntun er það stórt og verðugt verkefni að efla starfsþjálfun og símenntun, enda er það hagar þjóðfélagsins alls, að hæfileikar og kraftar starfsmanna nýtist sem best.

Jafnréttismál verða eflaust ofarlega á baugi á komandi árum, en atvinnulífið liggur stundum undir ámæli fyrir takmarkaða frammistöðu í þeim málaflokki. Staðreyndin er hins vegar sú, að ekkert fyrirtæki hefur hagsmuni af því að mismuna starfsfólki sínu. Að velja ekki þann hæfasta eru einfaldlega slakir stjórnunarhættir, sem ekki skilar árangri á samkeppnismarkaði. Hagar atvinnulífsins er því ótvírætt fólgin í því, að allir starfsmenn fái notið eigin verðleika og hafi jöfn tækifæri til starfa og starfsþróunar óháð kynferði eða öðrum óskyldum þáttum. Það er lykilatriði að stuðla enn frekar að jöfnun á heimilis- og fjölskylduábyrgð kynjanna. Dæmi um samfélagsþætti, sem bitna verr á konum en körlum eru vertrarfrí og óskipulagðir starfsdagar í skólum. Aukið tillit skólakerfisins til útívinandi foreldra leiddi til jafnari stöðu á vinnumarkaði og þar með minni launamunar kynjanna.

Góðir fundarmenn!

Okkur Íslendingum hefur gengið margt í haginn á undanförunum árum. Atvinnulífið hefur eflst til muna, sem skilað hefur landsmönnum öllum bættum lífskjörum. Það hefur sýnt sig, að samstaða samningsaðila á almennum vinnumarkaði, þar sem leiðarljósin hafa verið stöðugleiki í efnahagslífi og styrk samkeppnisstaða atvinnulífs, hefur skilað verulegum árangri. Nú stöndum við frammi fyrir nýjum skilyrðum og framundan eru spennandi og ögrandi tímar. Fjárfesting verður meiri en nokkru sinni fyrir og spáð er kraftmiklum hagvexti á næstu árum. Meginviðfangsefni fulltrúa vinnumarkaðar og stjórnvalda á næstu misserum er að vinna svo úr góðum efnivið, að hann verði landsmönnum öllum til gagnsældar til lengri tíma.